

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 68/97  
frá 4. október 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður  
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á  
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.  
7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-  
samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/58/EB frá 3. september 1996 um breytingu á  
tilskipun 89/686/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar<sup>(2)</sup> skal felld  
inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/686/EBE) í XXII. kafla II.  
viðauka við samninginn:

„- 396 L 0058: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/58/EB frá 3. september  
1996 (Stjttíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 44).”.

---

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 44.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/58/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Bull

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

